

## Fundargerð 496

Föstudaginn 19. febrúar 2021 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar. Fundað var í gegnum fjarfundarbúnað. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GÞ), Halldóra K. Hauksdóttir (HKH), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Alfa Dröfn Jóhannesdóttir (ADJ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 3), Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:01 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Lánamál
  - a. Lánsbeiðnir - til afgreiðslu
  - b. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
  - c. Verðtryggð lán eða óverðtryggð, sviðsmyndir - til umræðu
  - d. Lántaka hjá Endurlánum ríkissjóðs - til afgreiðslu
  - e. Verklagsreglur um útlánastarfsemi - til afgreiðslu
3. Starfsemi og verkefni atvinnuþróunarfélaganna - til kynningar
4. Skýrsla ábyrgðarmanns peningaþvættis - til kynningar
5. Skýrsla persónuverndarfulltrúa - til kynningar
6. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
7. Ársfundur 2020 - til umræðu
8. Aflamark Byggðastofnunar á Bakkafirði - til afgreiðslu
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

### 1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 495.

Formaður bar fundargerðina upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

### 2. Lánamál

#### a. Lánsbeiðnir - til afgreiðslu

...

...

...

...

#### b. Fundargerðir lánanefndar – til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 3/21-6/21 sem AME kynnti.

#### c. Verðtryggð lán eða óverðtryggð, sviðsmyndir – til umræðu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanna fyrirtækja- og rekstrarsviðs um óskir viðskiptavina um skilmálabreytingar verðtryggðra lána yfir í óverðtryggð kjör sem AÐ kynnti.

Til máls tóku MBJ, KB, GP, SJ, HÓ, AME og MH.

Skóðað verði með breytingu á kjörum eða skilmálum til þess að mæta þessum óskum ef mögulegt er útfrá vaxtamun og verðtryggingarjöfnuði stofnunarinnar.

#### d. Lántaka hjá Endurlánum ríkissjóðs – til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstjóra og forstöðumanni rekstrarsviðs varðandi lántöku hjá Endurlánum ríkissjóðs sem MH kynnti.

Lagt er til að stjórn heimili forstjóra að ganga frá og undirrita skuldbréf vegna lántöku hjá Endurlánum ríkissjóðs að fjárhæð allt að 3,0 milljarðar króna með lánstíma frá 15 ára til 20 ára sem skiptist í 500 m.kr. lán í evrum og 2,5 ma.kr. lán óverðtryggt í krónum.

Til máls tók KB.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

#### e. Verklagsreglur um útlánastarfsemi – til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstjóra varðandi verklagsreglur um útlánastarfsemi, 16. útgáfa af verklagsreglum um útlánastarfsemi og drög að mælaborði um afgreiðslu lánanefndar sem AÐ og AME kynntu.

Er málið aftur á dagskrá, en það hefur verið rætt á síðustu tveimur stjórnarfundum. Liggur nú fyrir tillaga um breytingu á grein 5.1 um skipan lánanefndar.

Til máls tóku MBJ, GP, HKH, AME og KB.

Formaður bar upp fyrirbyggjandi 16. útgáfu af Verklagsreglum um útlánastarfsemi með áorðnum breytingum og voru þær samþykktar samhljóða og verða sendar ráðherra til staðfestingar í samræmi við 10. tölulið 4. gr. laga um Byggðastofnun nr. 106/1999.

Hlé var gert á fundi kl. 10:05 og fundi síðan haldið áfram kl. 10:15.

### **3. Starfsemi og verkefni atvinnuþróunarfélaganna – til kynningar**

ADJ kom á fundinn undir þessum lið. Fyrir fundinum liggur úttekt á fyrirkomulagi og árangri hjá aðilum með samning við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðaðróun.

SEÞ hafði inngang og kynnti ADJ síðan skýrsluna.

Til máls tóku KB, GP, MaH, MBJ, SJ og AÐ.

ADJ vék af fundi.

### **4. Skýrsla ábyrgðarmanns peningþvættis – til kynningar**

Fyrir fundinum liggur skýrsla ábyrgðarmanns peningþvættis vegna ársins 2020 sem HÁ kynnti. Engin tilkynningarskyld viðskipti urðu á árinu.

### **5. Skýrsla persónuverndarfulltrúa – til kynningar**

Fyrir fundinum liggur skýrsla persónuverndarfulltrúa Byggðastofnunar vegna ársins 2020 sem HÁ kynnti.

Til máls tók HKH.

## 6. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun – til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu rekstrar og verkefna 31. janúar sl. sem AÐ kynnti.

Enginn tók til máls

## 7. Ársfundur 2020 – til umræðu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra um fyrirkomulag ársfundar sem AÐ kynnti. Samkvæmt starfsáætlun er gert ráð fyrir ársfundi Byggðastofnunar í 15. viku. Í ljósi sóttvarnaráðstafana vegna Covid 19, þó einhverjar tilslakanir kunni að hafa verið gerðar þegar að ársfundi kemur, er lagt til að fundurinn verði haldinn í formi netráðstefnu þann 15. apríl.

Til máls tóku GP, MBJ og KB.

Formaður bar upp tillögu um að ársfundur yrði netfundur og haldinn eða sendur út 15. apríl og var það samþykkt samhljóða.

## 8. Aflamark Byggðastofnunar á Bakkafirði – til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra um aukaúthlutun aflamarks Byggðastofnunar á Bakkafirði sem AÐ kynnti en málið var kynnt á síðasta stjórnarfundum.

Þann 29. október sl. voru auglýst 68.499 þorskígildiskíló vegna Bakkafjarðar, vegna fiskveiðiársins 2020/2021 á grundvelli reglugerðar nr. 643/2016. Tekið er fram að um einskiptisaðgerð er að ræða en umrætt aflamark á rætur að rekja til riftunar eldra samkomulags um aflamark Byggðastofnunar á Bakkafirði. Þrjár umsóknir bárust og voru þær frá Bjarginu ehf. og samstarfsaðilum, Halldór Fiskvinnslu ehf. og samstarfsaðilum og Útvör ehf. og samstarfsaðilum.

Aflamarksnefnd Byggðastofnunar fjallaði um umsóknirnar þann 11. desember sl. Það er mat nefndarinnar að einsskiptis úthlutun 68.499 þorskígildiskíló aflamarks nýtist best á Bakkafirði með því að ganga til samstarfs við Bjargið ehf. og Halldór fiskvinnslu ehf.

Lagt er til að að gengið verði til samstarfs við Bjargið ehf. og Halldór fiskvinnslu ehf. og 68.499 þorskígildiskíló verði skipt jafnt milli þessara tveggja aðila eða 34.249,5 þorskígildiskíló á hvorn þeirra.

Til máls tóku MBJ og GP.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

## 9. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá.

## 10. Næsti fundur

Ákveðið að næsti fundur verði haldinn fimmtudaginn 25. mars.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:20

Magnús Helgason fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Sigríður Jóhannesdóttir